



Fundargerð

Svæðisráð suðursvæðis - 132. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn í ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar og í fjarfundi, miðvikudaginn 11. september 2024, kl. 11:00.

Fundinn sátu:

Sigurjón Andrésson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Friðrik Jónas Friðriksson, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Guðrún Inga Bjarnadóttir, aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага, Eyrún Fríða Árnadóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Tinna Rut Sigurðardóttir, aðalfulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Lilja Jóhannesdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamtaka, Linda Björk Hallgrímsdóttir, starfandi þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Steinunn Hödd Harðardóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði - Höfn, Sigurður Óskar Jónsson, sérfræðingur, Ingibjörg Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Vatnajökulspjóðgarðs, Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði - Höfn, Sigurgeir Thoroddsen, starfandi aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar á suðursvæði.

1. Íshellaferðir og jöklagöngur - yfirferð samningsskilmála og yfirstandandi umsóknarferli - 2409021

Framkvæmdastjóri og þjóðgarðsvörður fara yfir stöðu mála

Samtal er hafið við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið vegna vinnu starfshóps nokkurra ráðuneyta sem ákveðið var á ríkisstjórnarfundi að setja á lagginnar í kjölfar slyssins sem varð á Breiðamerkurjökli 25. ágúst sl. Verið er að taka saman gögn og vinna nokkur minnisblöð fyrir starfshópinn. Gögnin verða kynnt svæðisráði í næstu viku. Samtöl við Ferðamálastofu, Vakann, Félag fjallaleiðsögumanna á Íslandi, vísindamenn o.fl. eru í gangi.

Þjóðgarðurinn hélt fund með rekstraraðilum í íshellaferðum og jöklagöngum 5. september sl. þar sem þar sagt var frá því að verið væri að skoða hvort skerpa þyrfti á skilmálum samninga. Annar slíkur fundur verður boðaður þegar línur fara að skýrast. Á sama fundi var fyrirkomulag eftirlits næsta veturs kynnt og mæltist það vel fyrir. Þjóðgarðurinn áréttaði einnig tilmæli sín til fyrirtækja að fara ekki í íshellaferðir út samningstímann.

Ákveðið að svæðisráð fundi næst fimmtudaginn 19. september.

Fundargerð ritaði: Anna Ragnarsdóttir Pedersen, aðstoðarþjóðgarðsvörður.

Fundi slitið kl. 11:45.